



Hafnarfirði 27. apríl 2017

Til fjárlaganefndar Alþingis varðandi tillögu til þingsályktunar um fjármálaáætlun fyrir árin 2018–2022, 402. mál.

Ágæti formaður

Það er athyglisvert að skoða þann kafla sem varðar framhaldsskólastigið í þessari áætlun. Undanfarin ár hafa framhaldsskólar verið að vinna að styttingu náms til stúdentsprófs. Þegar Kvennaskólinn í Reykjavík tókst á við það verkefni þá var það m.a. á grundvelli loforðs um að skólinn héldi því fjármagni sem sparaðist.

Núna eru allir framhaldsskólar landsins einhvers staðar í þessu ferli. Það er ekki síst fyrir þá staðreynd að stjórnvöldum tókst að draga skólameistara á sitt band með sama loforði. Því var veifað, án efa af fullum heilindum, af síðasta ráðherra aftur og aftur. Loforðið var án efa einn þeirra múrbrjóta sem ruddu kjarasamningum við KÍ leið vorið 2014. Og í fjármálaáætlun frá 2016 segir skýrt og greinilega:

- Áætlunin gerir ráð fyrir að framlög til framhaldsskólastigsins vaxi um 3,2 mia.kr. að raunvirði frá og með árinu 2016 til ársins 2021 eða sem svarar til nálægt 12% raunvaxtar yfir tímabilið. Á sama tíma er gert ráð fyrir að fram komi umtalsverður rekstrarsparnaður í framhaldsskólakerfinu vegna styttingar námstíma úr fjórum árum í þrjú. Áætlunin gerir ráð fyrir að allur sá sparnaður sem muni falla vegna styttingarinnar muni haldast innan kerfisins og fari í að efla framhaldsskólastigið enn frekar. (undirstrikun mín). (Opinber fjármál 2017-2021)

Í nýrri áætlun, þeirri sem hér er til umsagnar segir:

- Áætlunin gerir ráð fyrir því að framlög til framhaldsskólasviðsins verði nær óbreytt árið 2018 að raungildi en lækki lítillega eftir það eða um 0,6% árlega eða sem svarar til 630 m.kr. uppsafnað á árunum 2018–2022. Eins og í fyrri fjármálaáætlun er gert ráð fyrir að umtalsverður sparnaður komi fram í framhaldsskólakerfinu vegna styttingar námstíma til stúdentsprófs úr fjórum árum í þrjú og sá sparnaður endurspeglast í lægri framlögum til málefnasviðsins. Þrátt fyrir lækun á framlögum til

framhaldsskólastigsins aukast útgjöld á hvern nemanda um sem nemur 3–5% á ári að raunvirði. (undirstrikun mín).

Þess má geta að 3-5% hækkunin heldur ekki í nemendafækkun skólanna.

Í nýrri fjármálaáætlun segir jafnframt:

- Langvarandi aðhald í fjárheimildum til framhaldsskóla hefur sett mark sitt á starfsemi framhaldsskóla og rekstrarstöðu þeirra. Undirfiármögnun hefur bitnað á gæðum kennslu og námsframboði og hvorki hefur verið unnt að veita viðunandi stoðþjónustu né endurnýja búnað og kennslutæki. Gert var ráð fyrir að fjárhagslegt svigrúm sem myndaðist við fækkun nemenda yrði notað til að ná jafnvægi í fiármögnun framhaldsskóla. (undirstrikun mín).

Þessi ákvörðun sem hér var tekin vegur með ótrúlegum hætti að starfi skólanna. Fyrir utan undirfiármögnun (sem væntanlega merkir að skólarnir geta ekki staðið við þau lög sem þeir starfa eftir) þá hafa embættismenn ráðuneytisins (og fyrrverandi ráðherra) auk stjórnenda stofnanna orðið ómerkingar orða sinna.

Það er nógu gljúp mýrin sem stjórnendur skólanna standa í og reyna að fóta sig. Þessu er ekki á það bætandi.

Virðingarfyllt



Magnús Þorkelsson  
skólameistar

FRAMHÁLDSSKÓLINN  
VANAANAIRDI